

Umhverfisstofnun
Áb. <u>A/B/3</u>
08. feb. 2018
<u>08.02.2018</u>
Tilv. <u>18/201801-008</u>



Olíudreifing ehf.
Pósthólf 4230
124 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 6. febrúar 2018
Tilv.: UMH17120089/20-1

Ráðuneytið vísar til erindis Olíudreifingar ehf. frá 28. desember 2017 sl. um undanþágu frá starfsleyfi vegna olíubirgðastöðvar félagsins að Krossanesi á Akureyri og erindis frá 6. febrúar 2018 um sama efni og fleiri olíubirgðarstöðvar. Í erindinu frá 6. febrúar 2018 kemur fram að hinn 10. nóvember 2016 hafi félagið sótt um endurnýjun starfsleyfa fyrir 11 birgðastöðvar, ný starfsleyfi hafi ekki verið gefin út og því séu umræddar olíubirgðarstöðvar ekki með gild starfsleyfi. Óskað er eftir að unnið verði hratt úr undanþágubeiðninni sem liggi fyrir í ráðuneytinu þar sem erlendar tryggingar félagsins byggja á því að félagið sé með allar rekstrarheimildir í gildi. Í tölvupósti frá Umhverfisstofnun, dags. 6. febrúar 2018, kemur fram stofnunin hafi 31. janúar 2018 afgreitt starfsleyfi fyrir birgðastöðvarnar nema fyrir olíubirgðastöð félagsins að Krossanesi á Akureyri. Í framangreindu erindi frá 28. desember 2017 kemur fram að í ljósi ágreinings Olíudreifingar ehf. og Umhverfisstofnunar sækji félagið um tímabundna undanþágu frá starfsleyfisskyldu fyrir olíubirgðastöð félagsins að Krossanesi á Akureyri. Ágreiningur sé um hvort lekaþrær sem stærðarákvardaðar voru og byggðar í samræmi við ákvæði þágildandi reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi fái að halda gildi sínu í nýju starfsleyfi eftir að ný reglugerð nr. 884/2017 um sama efni tók gildi. Umhverfisstofnun hafi kynnt afstöðu sína með tölvupósti 13. desember 2017, sótt hafi verið um starfsleyfið 10. nóvember 2016, reglugerðin sem ágreiningur sé um hafi verið gefin út 3. október 2017 og ákvæði sem ágreiningur sé um hafi verið óbreytt í reglugerðinni um langa hrið. Afstöðu Umhverfisstofnunar hafi verið mótmælt samdægurs. Þangað til að búið verði að leysa úr ágreiningi þessum óski félagið eftir því að veitt verði undanþága frá starfsleyfi.

Samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra 28. desember 2017. Umsögn barst ekki frá heilbrigðisnefndinni.

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 10. janúar 2018 kemur fram að í tengslum við vinnu stofnunarinnar að nýju starfsleyfi fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. að Krossanesi hafi félagið mótmælt túlkun Umhverfisstofnunar ákvæði í nýútkominni reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sem varðar lekavarnir frá stærsta geyminum en rúmtak lekavarnar skal vera meira en sem nemur 90% af rýmd stærsta olíugeymis í lekavörninni að viðbættri rýmd annarra olíugeyma í hæð lekavarnar. Olíudreifing ehf. vilji að starfsleyfi sitt um þetta efni fari eftir ákvæði í brottfallinni reglugerð nr. 35/1994 þar sem kveðið var á um að rúmtakið geti verið 60% að

öðrum skilyrðum uppfylltum. Það ákvæði hafi verið fellt á brott í nýri reglugerð. Um sé að ræða mengunarvarnarkröfu og eðlilegt sé að ný starfsleyfi miði við kröfur á hverjum tíma. Umhverfisstofnun vinni að nýju starfsleyfi fyrir starfsemina í Krossanesi. Vegna þessa ágreinings hafi ekki verið unnt að auglýsa starfsleyfistillögu fyrir Krossanes í desember 2017 og því muni útgáfa nýs starfsleyfis ekki vera lokið áður en gildandi starfsleyfi renni út 31. janúar 2017. Stofnunin geri ekki athugasemdir við að rekstraraðila verði veitt undanþága frá starfsleyfi á meðan þetta tiltekna mál sé leitt til lykta varðandi lekavarnir og auglýsingu starfsleyfistillögu fyrir starfsemina. Önnur atriði í umsókn séu í lagi og engin frávik hafi verið skráð í síðasta efstirliti með starfseminni.

Í ljósi framangreinds og þess að Umhverfistofnun gerir ekki athugasemdir við að rekstraraðili fái umrædda undanþágu fellst ráðuneytið á að veita Olíudreifingar ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna olíubirgðastöðvar félagsins að Krossanesi á Akureyri, sbr. ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á meðan þetta tiltekna mál verður leitt til lykta varðandi lekavarnir og unnið að nýju starfsleyfi. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum fyrra starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Krossanesi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 2. janúar 2006.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. ágúst 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra